

Gátlisti

- * Ef svalir eða tröppur eru á húsinu, er handrið þannig að ekki sé hægt að klifra á því?
- * Er bil milli rimla í handriði minna en 10 sm?
- * Ef stigar eru með opnum þrepum, er bilið milli þrepa 10 sm eða minna?
- * eru stigar með öryggishliði bæði uppi og niðri? Hversu hátt er hliðið?
- * Er svalahurð með öryggislæsingu?
- * Er gler í hurðum óbrjótanlegt eða með öryggisplasti?
- * Ef gufubað eru í húsinu, er auðvelt að opna hurð þess innan frá?
- * eru gluggar þannig að ekki sé hægt að opna þá meira en 10 cm?
- * eru hættuleg efni t.d. uppþvotta- og ræstiefni geymd í skáp með öryggislæsingu?
- * eru oddhvassir hlutir, hnífar og önnur hættuleg tæki geymd á stað sem börn ná ekki til? eru blöndunartæki með hitastilli þannig að vatn verði ekki heitara en 40°C í baðherbergi og 55°C í eldhúsi?
- * Er gólf í baðherbergi stamt og baðkar og/eða sturtubotn stamur?
- * eru rafmagnsinnstungur öruggar (öryggislæsingar eða tappar í innstungum)?
- * Ef kojur eru á heimilinu er grind til að tryggja að barn geti ekki fallið úr kojunni?
- * eru hillur og skápar fest við vegg?
- * eru lampar í barnaherbergjum fastir og útbúnir þannig að ekki sé hægt að setja þá undir sæng?
- * Er reykskynjari, slökkvitæki og eldvarnarteppi á heimilinu?
- * eru öruggar hirslur fyrir lyf og eiturefni á heimilinu?
- * Hafa eitraðar plöntur verið fjarlægðar?
- * Hafa hættuleg og eða slitin leikföng verið fjarlægð?
- * eru eldfæri og tóbak geymd þar sem börn ná ekki til?
- * Ef heitur pottur er við heimilið, er læsanlegt lok á honum og hann afgirtur?